

Alþingi
Erindi nr. P 130/626
komudagur 15.12.2003



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.


Reykjavík 11. desember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37 frá 1992, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, mál 254.

Frumvarpið er tvíþætt, annars vegar kveður það á um að leggja til að ráðstöfun fjár úr gjaldtökusjóði miðist ekki eingöngu við hafrannsóknir og eftirlit heldur verði einnig heimilt að ráðstafa féi úr sjóðnum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að beita leyfissviftingum og krefjast fjárnáms vegna vanskila á greiðslu gjalds vegna ólögmætts afla.

Vélstjórafélag Íslands setur sig ekki upp á móti efnisatriðum frumvarpsins en tekur farm hvað varðar markmið nefnds sjóðs að þá verði þess gætt að væntanlegum fjármunum hans verði fyrst og síðast varið til hafrannsókna og alveg sér í lagi til þróunar veiðarfæra.

Virðingarfyllt
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!